

## Opnunarmót kæna 2024

18. maí

Til vara 19. maí

Siglingaklúbburinn Þytur



### TILKYNNING UM KEPPNI

#### 1. Reglur.

- 1.1 Kappsiglingareglur World Sailing 2021-2024
- 1.2 Keppendareglur ÍSÍ.
- 1.3 Kappsiglingafyrirmæli mótsins.
- 1.4 Kappsiglingafyrirmæli Siglingasambands Íslands.

#### 2. Auglýsingar.

- 2.1 Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.
- 2.2 Regla um auglýsingar: Reglugerð 20 World Sailing um auglýsingar gildir.

#### 3. Þáttökurétur.

- 3.1 Rétt til þáttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt kappsiglingafyrirmælum SÍL. Keppt verður í eftirfarandi flokkum ef næg þáttaka fæst:
  - a. Optimist
  - b. ILCA 6 (Laser Radial)
  - c. ILCA 4 (Laser 4,7)
  - f. Opinn flokkur (notast er við forgjöf frá Portsmouth Yardsck)

#### 4. Þáttökugjald og skráning.

- 4.1 Þáttökugjald á hvern keppanda er kr. 6.000
- 4.2 Skráningar berist til keppnisstjórnar með tölvupóst á [sailing@sailing.is](mailto:sailing@sailing.is) Taka þarf fram nafn keppanda, seglanúmer, bátstegund og félag sem keppt er fyrir ásamt upplýsingum um nafn og símanúmer forráðamanns ef keppandi er yngri en 18 ára.
- 4.3 Greiðsla þáttökugjalds er á greiðslusíðu: <https://www.sportabler.com/shop/thytur/>
- 4.4 Skráning telst ekki gild fyrir en öllum skráningar skilyrðum er fullnægt og þáttökugjald hefur verið greitt.

#### 5. Tímaáætlun.

- 5.1 Dagskrá:
  18. maí, skipstjórafundur kl. 10:00. Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 11:00.
  - 5.2 Ekki verður ræst eftir kl. 16:00 og keppni lýkur kl. 18:00 í síðasta lagi.
  - 5.3 Í heildina verður stefnt að því að sigla 4 umferðir. Ljúka þarf amk 2 umferðum til að keppni teljist lokið.

#### 6. Veður og aðrir fyrirvarar.

- 6.1 Miðað er við að keppnir fari fram í vindi á bilinu 2 m/s til 12 m/s. Keppnisstjóri áskilur sér rétt til að ræsa ekki keppni ef skyggni er óviðunandi sökum þoku eða annars.

#### 7. Kappsiglingafyrirmæli

- 7.1 Kappsiglingafyrirmælin verða kynnt á skipstjórafundi.

#### 8. Keppnissvæði.

- 8.1 Keppt verður í Hafnarfirði.

#### 9. Keppnisbrautir.

## Opnunarmót kæna 2024

18. maí

Til vara 19. maí

Siglingaklúbburinn Þytur



9.1 Lýsing á brautum kemur fram í kappsiglingafyrirmælum.

10. Stigagjöf.

10.1 Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í alþjóðakappsiglingareglum.

(a) Þegar færri en 4 umferðum hefur verið lokið telst samanlögð stigatala úr umferðunum sem heildar stigatala í keppninni.

(b) Þegar lokið hefur verið við 4 umferðir eða fleiri telst samanlögð stigatala úr umferðunum, að undanskilinni lökustu umferðinni, sem heildar stigatala í keppninni.

11. Verðlaun og verðlauna afhending.

11.1 Veit verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki

11.2 Verðlauna afhending fer fram í félagsheimili Siglingaklúbbsins Þyts strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins. Áætlað kl. 17:00

12. Ábyrgð.

12.1 Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4 í RRS, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þá í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátöku í mótinu.

13. Öryggisbátar

13.1 Óskað er eftir því að siglingaklúbbar sem senda börn yngri en 18 ára leggi til að minnsta kosti einn öryggisbát. Öryggis- og gæslubátar skulu halda sig í hæfilegri fjarlægð frá keppendum og mega ekki hafa samskipti við keppendur á meðan á keppni stendur nema keppandi þurfi á aðstoð að halda en við það fellur keppandi úr keppni og fær DSQ. Öryggis- og gæslubátum er að sjálfsgöðu heimilt að þjónusta keppendur á milli umferða eða allt þar til fyrsta flaut á sér stað. Talstöðva samskipti fara fram á rás 71.

14. Frekari upplýsingar.

14.1 Frekari upplýsingar fást hjá keppnisstjórn með því að senda póst á [sailing@sailing.is](mailto:sailing@sailing.is). Ef keppnisstjórn þarf að gefa út frekari upplýsingar verða þær upplýsingar birtar á [www.sailing.is](http://www.sailing.is)